



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. nóvember 2012
Tilv. 40.13


Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um miðstöð innanlandsflugs, 120. mál

Landspítali er sjúkrahús allra landsmanna og mikilvægt að aðgengi þeirra allra sé sem best, hvort heldur þeir koma landveginn eða með flugi. Landspítali telur mikilvægt að tryggt sé gott aðgengi að sjúkrahúsinu með góðum tengslum við almenningsamgöngur og greiðum akstursleiðum sjúkrabíla frá innanlandsflugvelli.

Nokkur fjöldi sjúklinga er fluttur með sjúkraflugi frá landsbyggðinni til greiningar og meðferðar á Landspítala. Ennfremur koma sjúklingar frá Grænlandi og Færeyjum og fá þjónustu á Landspítala. Millilandaflug til þessara landa er um flugvöllinn í Reykjavík. Hluti sjúklinganna sem koma með sjúkraflugi utan af landi þarf að komast sem fyrst á Landspítala, sjúkraflutningar eru þá í kapp við tímann. Mikilvægt er að stytta heildarflutningstímann þ.e. frá ákvörðun um flutning sjúklings með sjúkraflugi til komu hans á Landspítala. Akstur frá flugvelli á Landspítala er einn þáttur í flutningstímanum og því mikilvægt að hann taki eins stuttan tíma og kostur er.

Gert er ráð fyrir þyrlupalli á þaki nýbygginga Landspítala við Hringbraut. Samkvæmt forsendum frá Flugmálastjórn verður þyrlupallurinn skilgreindur sem „Non-instrument“, þ.e. ekki er gert ráð fyrir að þar sé lent í blindflugi. Þá er þyrlupallur við Landspítala í Fossvogi ekki gerður fyrir blindflug. Því er mikilvægt að í næsta nágrenni sjúkrahússins sé lendingarstaður þyrlu með blindflugsbúnaði ef aðstæður útiloka lendingu á þyrlupalli sjúkrahússins.

Virðingarfyllst,


Björn Zoëga, forstjóri